

Tillaga til lagabreytinga

– Lyfjareglur –

Grein 6 í lögum KSÍ

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 6 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

II. AÐILD AÐ KSÍ

6. grein – Aðrar skyldur

6.2. Aðildarfélag KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ samþykkja að fara eftir anda og skilmálum Lyfjaeftirlits Íslands(LÍ), lögum ÍSÍ um lyfjamál og Alþjóðalyfjareglunum(World Anti-Doping Code). Í því felst skuldbinding til að fylgja lyfjareglum LÍ og lögum ÍSÍ um lyfjamál og viðurkenning KSÍ á valdi og ábyrgð lyfjaeftirlits LÍ á framkvæmd lyfjareglanna. Jafnframt skal reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun(FIFA Anti-doping regulations) gilda fullum fetum um lyfjatengd mál innan KSÍ og sé ósamræmi á milli lyfjareglna KSÍ og reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun skulu ákvæði reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun gilda framar.

Greinargerð

Með dreifibréfi FIFA nr. 1724, þann 13. júlí 2020, voru kynntar breytingar á reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun (FIFA Anti-doping regulations). Breytingar þær eru tilkomnar vegna breytinga sem stjórn WADA (World Anti-Doping Agency) samþykkti á Alþjóðalyfjareglunum (World Anti-Doping Code). Breytingar á reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun fela í sér ákvæði úr nýjum reglum sem innleiddar hafa verið í Alþjóðalyfjareglurnar ásamt öðrum ákvæðum sem ætlað er að mæta og takast á við áskoranir í baráttunni gegn lyfjamisnotkun í fótbolta á heimsvísu. Breytingarnar tóku gildi þann 1. janúar 2021. Samkvæmt reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun, ber aðildarsamböndum FIFA, þ.á.m. KSÍ, að innleiða og fylgja reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun með það fyrir augum að ákvæðum hennar sé fylgt í lyfjatengdum málefnum. Það skuli gert annað hvort með því að innleiða reglugerðina í heild sinni eða með tilvísun til þeirra í sínum ráðandi skjölum, lögum og/eða reglugerðum. Samkvæmt grein 18.3. í lyfjareglum lyfjaeftirlits Íslands, sem tóku gildi þann 1. janúar 2021, skal hvert sérsamband á Íslandi innleiða lyfjareglur LÍ annaðhvort beint eða með tilvísun í sín ráðandi skjöl, lög og/eða reglur sem hluta af íþróttareglum sem binda meðlimi sína þannig að sérsambandið geti beitt þeim beint með tilliti til íþróttamanna og annarra einstaklinga undir lögsögu þess.

Til að tryggja eftirfylgni ákvæða lyfjareglna lyfjaeftirlits Íslands, laga ÍSÍ um lyfjamál, Alþjóðalyfjareglanna og reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun leggur stjórn KSÍ að framangreint ákvæði 6.2. sé samþykkt inn í lög KSÍ.